

## REGLUGJÖRÐ

um

42

19. maí

**breyting á reglugjörð 15. desbr. 1914 fyrir Strandasýslu um refaeyðingar, notkun upprekstrarlands, fjallskil, rjettahöld o. fl.**

### 1. gr.

23. gr. reglugjörðarinnar orðist þannig:

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Fyrri leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars, og skal rjetta sjálfan leitardag, nema í Melarjett, Skarðsrjett, Staðarrjett og Árnesrjett, þar sem rjetta skal að morgni þriðjudaginn næstan eftir. Annar leitardagur skal vera: Í Bæjarhreppi næsti mánudagur þar á eftir; í Kaldrananeshreppi næsti fimtudagur eftir fyrstu rjett, og í öðrum hreppum sýslunnar miðvikudagurinn næstur eftir fyrstu rjett. Annar rjettardagur skal vera sjálfan leitardaginn á öllum stöðum.

### 2. gr.

2. málsgr. 39. greinar orðist þannig:

Í Bæjarhreppi að Melum og Kollsá mánudaginn í 23. viku sumars — annan rjettardag.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóv. 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1927.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. maí 1927.*

Magnús Guðmundsson.

---

*Vigfús Einarsson.*